

**27. fundur Menningar- og safnanefndar, haldinn í fundarherbergi 1. hæð,  
Stillholti 16-18,  
19. apríl 2016 og hófst hann kl. 17:30**

**Fundinn sátu:**

Ingbór B. Þórhallsson formaður, Guðmundur Claxton aðalmaður, Kristinn Pétursson aðalmaður, Guðríður Sigurjónsdóttir aðalmaður, Jónella Sigurjónsdóttir fulltrúi Hvalfjarðarsveitar, Regína Ásvaldsdóttir bæjarstjóri og Ella María Gunnarsdóttir forstöðumaður menningar- og safnamála.

**Fundargerð ritaði:** Ella María Gunnarsdóttir, forstöðumaður.

**Fyrir tekið:**

**1. 1604095 - Rekstur kaffihúss á Byggðasafninu í Görðum (Garðakaffi)**

Forstöðumaður leggur fram forgangsraðaðan lista yfir umsóknir og óskar eftir heimild til að semja við aðila skv. þeirri röð. Samningur skuli vera með sömu forsendum og samningur við fráfarandi rekstraraðila.

*Nefndin felur forstöðumanni að ganga til samninga við umsækjendur skv. umræðum á fundinum.*

**2. 1604048 - Starf verkefnastjóra vegna Kútters Sigurfara - 50% starf í 6 mánuði**

Forstöðumaður upplýsir Menningar- og safnanefnd um ráðningu verkefnastjóra og næstu skref í verkefninu.

*Ráðningarferli og ráðning kynnt.*

**3. 1503240 - Merkingar á útilistaverkum og öðrum markverðum stöðum**

Tilboð í viðhald á Pýramídískri afstrasjón lagt fram og óskað eftir samþykki nefndarinnar.

*Nefndin samþykkir fyrirlagt tilboð frá Dunganon ehf. og felur forstöðumanni að ganga frá samningi enda rúmist kostnaður vel innan fjárhagsáætlunar 2016. Áætlað er að viðgerð hefjist á næstu vikum.*

**4. 1512175 - Listaverkasafn Akraness**

Forstöðumaður upplýsir um kostnað við skráningu listaverka í Sarp. Upprifjun á ástæðu fyrir skráningu verkanna í Sarp.

*Forstöðumanni falið að fá frekari sundurliðun á kostnaði. Forstöðumanni einnig falið að skoða hvort kaupstaðnum séu sett einhver lög eða reglur varðandi skráningu listaverka.*

**5. 1512253 - Írskir dagar 2016**

Forstöðumaður leggur fram tillögu að reglu fyrir tímasetningu á Írskum dögum.

*Nefndin leggur til eftirfarandi reglu: Hátíðin skal haldin fyrstu helgina í júlí, þar sem laugardagur og sunnudagur eru báðir í júlí. Nefndin vill ítreka að Írskir dagar 2016*



*munu verða haldnir 30. júní - 3. júlí, altso fyrstu helgina í júlí.*

Bæjarstjóri kom inn á fund

**6. 1604096 - Kvikmyndahátíð á Akranesi**

Bæjarstjóri kynnir hugmyndir um kvikmyndahátíð á Akranesi

*Bæjarstjóri kynnti hugmynd um kvikmyndahátíð á Akranesi.*

Bæjarstjóri yfirgaf fund

**7. 1511349 - Menningarmál - starfsáætlun 2016**

Forstöðumaður fer yfir fjárhagsáætlun fyrir Menningarmál fyrir árið 2016

*Forstöðumanni falið að koma með upplýsingar um áfallinn kostnað á árinum.*

*Umræðum frestað til næsta fundar.*

**8. 1604168 - Fyrirspurn varðandi afnot að Akranesvita og húsnæði Byggðasafnsins í Görðum**

Forstöðumaður fer yfir fyrirspurn listamanna um afnot að Akranesvita og húsnæði Byggðasafnsins í Görðum

*Forstöðumanni falið að gera samkomulag við listamenn varðandi aðgang að húsnæði Byggðasafnsins í Görðum í samræmi við umræður á fundinum.*

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 19:15.**

*Floppur B. Þorvaldsson*  
*Jónella Sigmjónsdóttir*  
*Guðmundur Arnar*  
*Kristi - P.*  
*Candace Sigmundsdóttir*  
*Alla Mía Gunnarsd.*